



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks um aukinn kraft í gámalosun og umhirðu á grenndarstöðvum í Reykjavík

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 23.08.23 var lögð fram að nýju svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks, sbr. 30. lið fundargerðar umhverfis og skipulagsráðs, dags. 16.08.23.

Lagt er til að strax verði bætt úr því ófremdarástandi, sem ríkir varðandi gámalosun og umhirðu á grenndarstöðvum í Reykjavík. Aukinn kraftur verði settur í losun gáma og umhirðu við þá. Leitað verði til verktaka um tímabundna aðstoð í þessu skyni á meðan útboð á umhirðu grenndarstöðva stendur yfir. Þá verði settar upp áberandi merkingar við grenndarstöðvar um að óheimilt sé með öllu að skilja óflokkað heimilissorp eftir við þær.

Tillögunni var vísað til umsagnar skrifstofu umhverfisgæða.

Umsögn

Tillagan sem lögð er fram snýr að þremur atriðum við rekstur grenndarstöðva. Í fyrsta lagi er lagt til að fenginn verði verktaki til þess að tæma grenndarstöðvar í borgarlandinu oftar, í öðru lagi að verktaki verði tímabundið fenginn til að sinna umhirðu í kringum stöðvarnar og loks að merkingum við grenndarstöðvar varðandi umgengni verði bættar

Grenndarstöðvar á höfuðborgarsvæðinu eru um 85 talsins, þar af eru 58 í Reykjavík eða tæplega 70% þeirra. Núverandi fyrirkomulag við rekstur grenndarstöðva er á þann veg að sveitarfélögin standa saman að rekstri þeirra í gegnum Sorpu bs. Tæming á slíkum grenndargámum er boðin út sameiginlega til verktaka en hans hlutverk er að tryggja að á grenndarstöðvum séu ávallt gámar með nægjanlegu rými fyrir þann úrgang sem þangað berst.

Í sumar sem leið jókst ásókn í grenndargáma þar sem tvö fyrirtæki á markaði hættu að bjóða íbúum upp á endurvinnslutunnur. Á sama tíma og tafir urðu á sorphirðu pappírs og plastefna. Til að bregðast við því var tíðni losunar á grenndargámum aukin. Hins vegar tafðist hirða gámana á öllum höfuðborgarsvæðinu af hálfu verktakans sem séð hefur um losun þeirra þegar upp kom bilun í tveimur sorphirðubílum af þremur sem sinnt hafa þessum verkefnum. Tafirnar voru ótengdar útboði á leigu og losun grenndargáma sem þá stóð yfir.



Sorphirðubílar með krana sem geta losað grenndargáma eru sérhæfð tæki sem eru að jafnaði umsetin og takmarkað framboð er af. Til þess að bregðast við töfum sem geta komið upp við hirðu hefur Sorpa bs. verið með samning við annan verktaka til þess að halda uppi þjónustustigi þegar tafir koma upp. Þær aðstæður sem sköpuðust í sumar voru hins vegar illviðráðanlegar vegna áðurnefndra bilana. Þegar komist hafði verið í veg fyrir þær var róðurinn hertur í losun og hirti verktakinn aukalega það endurvinnsluefni sem skilið hafði verið eftir á stöðvunum. Til þess að forðast að þessar aðstæður geti skapast á ný verða gámar frá og með 1. febrúar n.k. útbúnir skynjurum sem nema hvort þeir séu fullir. Jafnframt verður hægt að leggja féviti á verktaka sem ekki sinnir losun samkvæmt þeim mælingum sem skynjararnir veita.

Umhirða í kringum grenndarstöðvar er á ábyrgð hvers sveitarfélags fyrir sig. Hjá Reykjavíkurborg er starfandi sérstakur vinnuflokkur sem sinnir umhirðu í kringum stöðvarnar. Fór hann að jafnaði jafnaði tvisvar í viku á allar grenndarstöðvar í borgarlandinu í sumar og hreinsaði upp rusl sem hafði verið skilið eftir við stöðvarnar. Þar að auki voru tveir vinnuflokkar sem nær eingöngu að sinntu hreinsun í kringum þær og fjarlægðu stærri og grófari úrgang sem skilinn hafði verið eftir. Umgengni í kringum grenndarstöðvar hefur því miður versnað á liðnum árum en ætlaður kostnaður Reykjavíkurborgar vegna hreinsunar við grenndarstöðvar á árinu 2021 nam tæpum 52 milljónum króna. Þá er rétt að vekja athygli á því að á tveimur grenndarstöðvum hefur jafnframt verið sett upp myndavélakerfi til þess að fylgjast með mögulegum eignaspjöllum, umgengni á svæðinu og til að komast hraðar í veg fyrir sóðaskap.

Á ýmsum grenndarstöðvum er í dag að finna merkingar um að óheimilt sé að skilja aðra úrgangsflokka eftir við þær. Samhliða innleiðingu nýrra laga um hringrásarhagkerfi verður ráðist í breytingar á grenndarstöðvum á næstu mánuðum og endurmerkingar á gámum. Með þeim breytingum kann því að vera tækifæri til að endurskoða merkingar á grenndarstöðvunum.

Tillaga að niðurstöðu

Losun grenndargáma er boðin sameiginlega út af sveitarfélögum höfuðborgarsvæðisins og er losun slíkra gáma á forræði Sorpu bs. Þær aðstæður sem sköpuðust við hirðu á grenndargámum í sumar voru óvenjulegar. Við losun á grenndargámum þarf sérhæfðan búnað og er samkvæmt upplýsingum frá Sorpu ekki talið líklegt að mögulegt hefði verið að finna annan verktaka í hirðu grenndargáma á þeim tíma. Í ljósi þess að þetta ástand er yfirstaðið er mælt með því að þeim hluta tillögunnar verði vísað frá.

Reykjavíkurborg varði rúmlega 50 milljónum í umhirðu í kringum grenndarstöðvar árið 2021. Í sumar sem leið voru þrjú vinnuflokkar starfandi sem sinntu nánast einungis verkefnum tengdum slæmri umgengni á grenndarstöðvum. Takmörk eru fyrir því hversu miklu fjármagni er réttlætánlegt að verja til að koma í veg fyrir slíka hegðun. Þá er það mat skrifstofu umhverfisgæða að umgengni hafi batnað á seinustu vikum. Í ljósi ofangreinds er mælt með því að þeim hluta tillögunnar verði hafnað en að frekar verði hugað að forvörnum, sbr. þann hluta tillögunnar sem snýr að merkingum.

Merkingar á sjálfum grenndargámunum eru á forræði Sorpu bs. en frágangur grenndarstöðva þ.m.t. skilti á ábyrgð hvers sveitarfélags fyrir sig. Á næstu mánuðum verður farið í breytingar á samsetningu gáma grenndarstöðum og endurmerkingar á gámum. Í ljósi ofangreinds er mælt með því að samhliða þeim breytingum verði merkingar við grenndarstöðvar endurskoðaðar í



Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

samráði við Sorpu bs. þar sem skýrar verður kveðið á um að gæta þurfi að umgengni um þær. Því er mælt með því að sá hluti tillögunnar verði samþykktur.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Benedikt Traustason
Umhverfis- og skipulagssvið